

**Sp.**

**356. Tillaga til þingsályktunar**

**[136. mál]**

um vetrarflutninga á mjólkurframleiðslusvæðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra at-huga, hvernig hægt sé á hagkvæmastan og öruggastan hátt að halda uppi nauðsynlegum flutningum á mjólkurframleiðslusvæðum, þegar snjóalög eru.

Greinargerð.

Framleiðsla mjólkur til sölu krefst daglegra flutninga. Neytendur þurfa vörunnar með dag hvern, og mjólk geymist ekki óskemmd nema skamma stund.

Þar sem mjólk er nú orðin aðalframleiðsluvara bænda á stórum landsvæðum, er augljóst, að öruggir og hagkvæmir flutningar eru bændum þar, neytendum mjólkurinnar og þjóðarbúskapnum í heild mikils virði.

Margir síðustu vetur hafa verið óvenju snjóléttir. Þrátt fyrir það hafa þó skapazt í mjólkurflutningum miklir erfiðleikar á hverjum vetri og verulegu fjármagni verið varið til snjómoksturs árlega þeirra vegna.

Á yfirstandandi vetri hafa snjóalög orðið meiri en verið hefur um tugi ára. Á sumum mjólkurframleiðslusvæðum, svo sem Mýrum og sunnanverðu Snæfellsnesi, hafa mjólkurflutningar fallið niður með öllu af þeim sökum nú um nokkurra vikna skeið, enda þótt stórfé hafi verið varið frá vegagerð ríkisins og bændum sjálfum til að reyna að halda flutningunum áfram.

Hér er því um stórkostlegt fjárhagstjón að ræða fyrir þá bændur, sem í hlut eiga, bæði vegna kostnaðar við að reyna að flytja frá sér framleiðsluna og einnig af því, að engin tök eru á að vinna mjólkina heima sökum fólksfæðar, enda framleiðsluhættir að engu leyti miðaðir við það. Engin vafi er á því, að ef slíkt endurtekur sig, þá mun mjólkurframleiðslan verða í mikilli hættu. Jafnframt vofir yfir bæjunum sú hættu, að skortur kunni að verða á þessari hollu neyzluvöru. Það er stórfellt nauðsynjamál, sem varðar alþjóð, að hægt sé að skapa meira öryggi í mjólkurflutningum á fjárhagslega viðráðanlegan hátt.

Það hefur sýnt sig á yfirstandandi vetri, að sú aðferð snjómoksturs, sem við notum til að greiða fyrir mjólkurflutningum í miklum snjóum, er ekki eingöngu ófullnægjandi, heldur einnig það dýr, að óhugsandi er þess vegna að treysta á hana sem framtíðarúrræði.

Fjárveitinganefnd telur brýna nauðsyn á því, að þetta mál verði strax rannsakað með kostgæfni og beztu úrræða leitað.